



## Nýtingarleyfi á grunnvatni í landi Tandrastaða í Fannardal í Norðfirði

Í samræmi við 6. gr. laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu nr. 57/1998, veitir Orkustofnun hér með Sveitarfélaginu Fjarðabyggð, kt. 470698-2099, hér eftir nefnt leyfishafi, nýtingarleyfi á grunnvatni úr borholum á tilteknu svæði í landi Tandrastaða í Fannardal í Norðfirði.

Við undirbúning að útgáfu leyfis þessa var leitað umsagnar umhverfissráðuneytis, í samræmi við 3. mgr. 6. gr. laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu nr. 57/1998, og eiganda jarðarinnar Fannardals, sbr. 13. og 14. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Samkomulag við jarðeigendur Tandrastaða, um endurgjald fyrir auðlindina, sbr. 1. mgr. 7. gr. laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, liggur fyrir.

### 1. gr.

#### *Almennt*

Leyfið tekur til nýtingar á grunnvatni til almenningsvatnsveitu. Leyfið felur í sér heimild til handa leyfishafa til að nýta grunnvatn á leyfistímanum í því magni og með þeim skilmálum öðrum sem tilgreindir eru í leyfi þessu og lögum um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu.

### 2. gr.

#### *Staðarmörk svæðis*

Leyfið tekur til nýtingarsvæðis er fellur saman við núgildandi brunnsvæði vatnsvermdar við Tandrastaði samkvæmt breytingum þeim á aðalskipulagi Fjarðabyggðar 2007-2027, sem samþykktar voru í bæjarstjórn Fjarðabyggðar 11. maí 2012 og staðfestar af Skipulagsstofnun 26. júlí 2012. Hnit hornpunkta fyrir leyfissvæðið (ÍSN93) eru eftirfarandi:

X	Y
737919	524013
737959	524014
737993	523988
738079	523980
738231	523975
738335	523925
738387	523897
738453	523839
738421	523778
738303	523845
738189	523911

X	Y
738108	523916
738072	523944
738026	523953
737918	523955
737919	524013

Mörk nýtingarsvæðis ásamt viðkomandi, óstaðfestum jarðamörkum eru sýnd á meðfylgjandi upprætti (fskj. 1).

### 3. gr.

#### *Gildistími*

Leyfið gildir frá 5. október 2012 til 5. október 2042. Að þeim tíma liðnum er heimilt að framlengja leyfið til 15 ára í senn nema að forsendur leyfisveitingar hafi breyst og sýnt sé fram á að óbreytt nýting grunnvatns hafi skaðleg áhrif á auðlindina.

### 4. gr.

#### *Magn, nýtingarhraði og tillit til annarrar nýtingar*

Með leyfi þessu er leyfishafa heimilt að nýta allt að 120 L/s af grunnvatni á tilgreindu svæði. Leyfishafi skal við framkvæmdir og nýtingu á sínum vegum, sem ætla má að hafi áhrif á nýtingu annarra aðila, taka tillit til og hafa samráð við aðila sem stunda nýtingu í nágrenni nýtingarsvæðisins.

### 5. gr.

#### *Mat á umhverfisáhrifum, skipulag og starfsleyfi*

Boranir vegna grunnvatnsnýtingar samkvæmt leyfi þessu eru ekki matsskyldar, sbr. iv. lið, c- staflíðar, 2. tl. 2. viðauka við lög um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000. Aðrar framkvæmdir leyfishafa kunna eftir atvikum að vera matsskyldar samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum, þ.m.t. vinnsla grunnvatns og vatnsleiðslur utan þéttbýlis.

Skipulagsskyldar framkvæmdir á vegum leyfishafa skulu vera í samræmi við skipulagsáætlanir, sbr. skipulagslög, nr. 123/2010.

Leyfishafi skal afla sér starfsleyfis hjá viðkomandi heilbrigðisnefnd vegna jarðborana, sbr. reglugerð nr. 785/1999.

### 6. gr.

#### *Vernd og frágangur starfsstöðva og svæðis*

Um vernd nýtingarsvæðis gilda, auk laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, lög um náttúruvernd nr. 44/1999, einkum ákvæði 17., 34., 35., 37. og 38. gr. laganna, lög um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, sem og önnur lög sem varða nýtingu lands. Leyfishafa ber í hvívetna að fara að lögum í umgengi sinni um nýtingarsvæðið og skal leitast við að mannvirki verði lögð á þann hátt að sem minnstur skaði verði á náttúru landsins.

Leyfishafi skal taka tillit til umhverfissjónarmiða við framkvæmdir sem og við frágang að þeim loknum og fjarlægja á sinn kostnað öil mannvirki og skilja við svæðið, svo sem nokkur kostur er, í sama ásigkomulagi og fyrir framkvæmdir. Frágangur skal vera með þeim hætti að hann fyrirbyggji ekki framtíðarnotkun jarðrænna auðlinda á svæðinu.

7. gr.

*Eftirlit*

Orkustofnun hefur, samkvæmt 21. gr. laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, eftirlit með framkvæmd leyfis þessa.

Orkustofnun skal hefur samráð við aðra opinbera aðila eftir því sem þörf krefur. Leyfishafi greiðir allan kostnað af eftirliti Orkustofnunar í samræmi við samning um eftirlit á milli Orkustofnunar og leyfishafa.

8. gr.

*Upplýsinga- og tilkynningaskylda*

Leyfishafi skal eigi sjaldnar en árlega og við lok leyfistíma senda Orkustofnun skýrslu þar sem fram koma upplýsingar um heildarmagn og mat á verðmæti auðlindar sem nýtt hefur verið og aðrar upplýsingar sem gefa til kynna stöðu og ástand grunnvatns á nýtingarsvæðinu.

Nánar er kveðið um þessi atriði síðar í viðauka I við nýtingarleyfi þetta sem telst hluti leyfisins.

9. gr.

*Eignarhald auðlindar/endurgjald*

Í umsókn leyfishafa kemur fram að Sveitarfélagið Fjarðarbyggð hefur frá árinu 2008 haft leigusamning við landeigendur, Maríu Kristínu Siggeirsdóttur að  $\frac{3}{4}$  hluta, kt. 090842-4049, nú Ingimar Jóhannsson kt. 030547-4979 og Ungmennafélagið Egill rauði á  $\frac{1}{4}$  hluta.

Leyfishafi hefur, í samræmi við 1. mgr. 7. gr. laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu náð samkomulagi við landeigendur um endurgjald fyrir auðlindina sbr. leigusamninga aðila, dags. 3. júlí 2008 og 7. desember 2009.

10. gr.

*Skaðabótaskylda og váttryggingar*

Leyfishafi er skaðabótaskyldur vegna tjóns sem hlýst af starfsemi á grundvelli leyfis þessa í samræmi við almennar reglur skaðabótaréttarins. Leyfishafa ber að hafa tryggingu hjá viðurkenndu tryggingarfélagi vegna tjóns er kann að hljótast af starfsemi hans almennt.

11. gr.

*Framsäl*

Leyfi þetta verður ekki framselt né má setja það til tryggingar fjárskuldbindingum nema með leyfi Orkustofnunar, sbr. 32. gr. laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu.

12. gr.

*Afturköllun*

Orkustofnun getur afturkallað leyfið ef leyfishafi fylgir ekki þeim skilmálum sem settir eru í leyfi þessu eða lögum og reglugerðum sem það byggir á, sbr. 20. gr. laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu eða samningum sem tengjast leyfinu.

Verði Orkustofnun vör við að leyfishafi brjóti gagnvart ofangreindu skal stofnunin veita leyfishafa skriflega aðvörðun og frest til úrbóta. Sama á við ef vikið er frá samningi skv. 7. gr. Ef leyfishafi sinnir ekki slíkri aðvörðun skal afturkalla leyfið.

**13. gr.**

*Önnur leyfi*


Leyfi þetta er háð almennum gildandi réttarreglum á hverjum tíma. Það undanþiggur ekki leyfishafa frá því að sækja um leyfi vegna starfsemi sinnar sem að öðru leyti er mælt fyrir um í öðrum lögum sem starfsemin fellur undir, svo sem framkvæmda og/eða byggingarleyfi viðkomandi sveitastjórnar.

**14. gr.**

*Leyfisgjald*

Leyfishafi skal greiða kr. 41. 500 gegn afhendingu leyfisbréfs þessa, sbr. 34. tl. 11. gr. laga um aukatekjur ríkissjóðs, nr. 88/1991, með áorðnum breytingum.

Reykjavík, 5. október 2012




Guðni A. Jóhannesson  
Orkumálastjóri.

Einnig fylgir leyfinu eftirfarandi og telst hluti þess:

1. Fylgiskjal 1. Kort af nýtingarsvæði.
2. Fylgiskjal 2. Yfirlit yfir gagnakröfur vegna eftirlits Orkustofnunar.
3. Fylgiskjal 3. Umsókn leyfishafa (án fylgiskjala og annarra gagna).

Fylgiskjal 1 með nýtingarleyfi á grunnvatni í landi Tandрастаða í Fannardal í Norðfirði



CA

## Fylgiskjal 2

með nýtingarleyfi til handa Farðabyggð á grunnvatni í landi Tandрастаða í Fannardal í Norðfirði, útgefnu 5. október 2012.

# YFIRLIT UM GAGNAKRÖFUR VEGNA EFTIRLITS ORKUSTOFNUNAR

## Markmið eftirlits

Markmið eftirlits Orkustofnunar vegna rannsóknar- og nýtingarleyfa er að nægileg þekking á rannsóknum og vinnslu auðlinda sé til staðar til að tryggja að nýting verði sem best þegar til lengri tíma er litið, sbr. 25. gr. laga nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu (auðlindalög). Einnig skal Orkustofnun hafa eftirlit með umgengni við auðlindir til varnar því að auðlindum sé spillt eða að framkvæmdir valdi hættu eða skaða, sbr. 24. gr. sömu laga. Niðurstöður sem fengnar eru við rannsókn auðlinda eru forsendur nýtingarleyfis og eftirlitsgögn sem safnað er við nýtingu auðlinda eru grundvöllur framlengingar á nýtingarleyfum. Af þessum sökum þarf eftirlitsaðili að halda gagnagrunn um rannsóknir og nýtingu auðlinda.

## Meðferð upplýsingar

Upplýsingar sem veittar eru Orkustofnun vegna rannsóknarleyfis skulu bundnar trúnaði á gildistíma leyfis og framlengingar þess og forgangsréttartíma, svo og á gildistíma nýtingarleyfis sem veitt er rannsóknarleyfishafa í kjölfar rannsóknarleyfis nema annað sé sérstaklega ákveðið í leyfinu.

Ef nýtingarleyfi er ekki gefið út til rannsóknarleyfishafa í kjölfar rannsóknarleyfis fellur trúnaðarskylda niður og er þá Orkustofnun heimilt að láta umræddar upplýsingar í té og/eða nýta þær í þágu frekari leyfisveitinga.

Ef nýtingarleyfi er veitt öðrum aðila en þeim sem kostað hefur rannsóknir á svæðinu getur sá sem kostaði rannsóknirnar krafði nýtingarleyfishafa um sannanlegan kostnað vegna nýtanlegra rannsókna gegn afhendingu á niðurstöðum þeirra, sbr. 7. gr. auðlindalaga.

Upplýsingar sem veittar eru Orkustofnun vegna nýtingarleyfis skulu bundnar trúnaði á gildistíma nýtingarleyfis nema annað sé sérstaklega ákveðið í leyfinu.

Upplýsingar sem veittar eru Orkustofnun samkvæmt auðlindalögum skulu vera í vörslu stofnunarinnar og er stofnuninni óheimilt að veita þriðja aðila aðgang að gögnum nema með sérstöku leyfi leyfishafa.

Leyfishafi og leyfisveitandi skulu eftir föngum leitast við að gera niðurstöður rannsókna og vinnslu aðgengilegar svo af þeim megi læra, komandi kynslóðum til hagsbóta.

## Rannsóknarleyfi

Leyfishafa ber að skila ákveðnum niðurstöðum rannsókna til Orkustofnunar svo stofnunin megi rækja eftirlitshlutverk sitt samkvæmt auðlindalögum. Umfang rannsókna ber að skilgreina nákvæmlega í þeirri rannsóknaráætlun sem lögð er til grundvallar á hverju rannsóknarleyfi og er hluti af viðkomandi leyfi. Viðkomandi rannsóknaráætlun setur þannig ramma um þau gögn sem leyfishafa ber að afhenda Orkustofnun. Þar sem því verður við komið er æskilegt að gögnum verði skilað á stafrænu formi.

Eigi sjaldnar en árlega skal leyfishafi senda Orkustofnun afrit af þeim skýrslum sem unnar hafa verið samkvæmt viðkomandi rannsóknaráætlun.

## Nýtingarleyfi

Leyfishafa ber að skila Orkustofnun ákveðnum upplýsingum um eðli og umfang auðlinda, upplýsingum um heildarmagn og mat á verðmæti auðlindar sem nýtt hefur verið og fleiri atriðum samkvæmt nánari ákvæðum í viðkomandi leyfi. Eftir því sem við verður komið er æskilegt að gögnum verði skilað á stafrænu formi. Upplýsingar sem leyfishafi skal senda Orkustofnun árlega vegna virkjunar- og nýtingarleyfis grunnvatns eru:

- Mánaðarskýrslur um heildarvatnstöku.
- Mánaðarskýrslur um vatnstöku úr einstökum vatnsbólum.
- Skýrslur um hámarksvatnstöku úr einstökum vatnsbólum.
- Mælingar á niðurdrætti á vatnstökusvæði.
- Hita-, leiðni og sýrustigsmælingar á einstökum vatnsbólum.
- Efnagreiningar á vatni úr einstökum vatnsbólum.
- Efnagreiningar á veituvatni, t.d. úr stofnæð.
- Skýrslur um grunnvatnslíkanreikninga.
- Skýrslur um vatnsbólagerð og vinnsluboranir.
- Skýrslur um könnunarboranir og könnunarbrunna.
- Tölflur og skýrslur um dæluprófanir.
- Tölfur og skýrslur um mælingar á vatnsborði, rennsli, hita vatns o.fl. (þ.m.t. síritanir).
- Skýrslur um endurskoðaðar hugmyndir um vatnajarðfræðilega gerð vatnstökusvæðis og veita á því.
- Aðrar skýrslur eða tölflur, sem máli skipta um tilgreinda auðlind og nýtingu hennar af hálfu leyfishafa.

## Borholur og brunnar

Skilaskyld gögn um borholur, sem boraðar eru, eða brunna sem grafnir eru til rannsóknar eða nýtingar grunnvatns, eru annars vegar viss gögn um holurnar og/eða brunna sem mannvirki og hins vegar gögn sem holur og/eða brunnar veita um grunnvatnið sem auðlind.

Mannvirkjaleg atriði borhola og brunna eru t.d.:

- Staðsetning holu eða brunns (hnit, staðarnafn, svæðisnafn)
- Dýpi holu og fóðringar, frágangur á holutoppi eða brunni
- Tímasetning framkvæmdar

Upplýsingar um auðlindina sem mannvirkin veita eru t.d.:

- Rennsli úr mannvirki
- Hitastig vökva úr eða í mannvirki
- Hvar vatn kemur inn í mannvirkið
- Jarðlagasnið
- Efnasamsetning vökva úr eða í mannvirki
- Hitastig og þrýstingur í grunnvatnskerfi

Orkustofnun getur krafist þess að fá afrit af borskýrslu (dagbók jarðborunar) eigi síðar en einum mánuði eftir að borun er lokið og Orkustofnun getur einnig krafist þess að berg- og jarðvegssýnishorn séu varðveitt, sbr. 22. gr. auðlindalaga. Að öðru jöfnu skal skilaskylda til Orkustofnunar takmarkast við þær upplýsingar sem leyfishafi vinnur úr þessum gögnum.



FRAMKVÆMDASVIÐ			
ORKUSTOFNUN			
Skjalasafn			
Dags. mótt.	10.03.2012	Abm.	32
Málsnúmer	12203001	Aðrir	11
Skjalalykill	100000	---	100
Verknúmer	1093000	Trún.	60
Fskj./aths.		Afrit ill	

Orkustofnun  
Grensásvegur 9  
108 Reykjavík  
bt. Kristins Einarssonar

Fjarðabyggð, 05. mars 2012  
Tilvísun 1202065/16.3.0

## Umsókn um heimild til nýtingar á köldu vatni úr áreyrum í Fannardal í Norðfirði.

Bréf þetta er svar við bréfi frá Orkustofnun frá 7. Febrúar 2012, tilvísun 2012010075/50.4.0.

Vatnsveita Fjarðabyggðar hefur starfað eftir bestu vissu eftir þeim lögum og reglugerðum sem henni er gert að uppfylla. Að einhverri ástæðu hafa þessi ákvæði í lögum 57/1998 farið framhjá hjá Vatnsveitu Fjarðabyggðar.

Vatnsveita Fjarðabyggðar skiptist í sex aðskilin veitusvæði, Norðfjörð, Eskifjörð, Reyðarfjörð, Fáskrúðsfjörð, Stöðvarfjörð og Mjóafjörð. Á Norðfirði eru tvö vatnsból sem Vatnsveita Fjarðabyggðar rekur sem þjóna þéttbýlinu á Norðfirði og hluta dreifbýlisins, hér eftir kallað vatnsveita á Norðfirði. Aðalvatnsból vatnsveitunnar er á áreyrum Norðfjarðarár í landi Tandрастаða í Fannardal. Á Kirkjubólseyrum er eldra o vatnsból sem er nú varavatnsból fyrir Norðfjörð, er það aðeins notað ef vatnsskortur verður.

Vatnsveitan hefur í áratugi nýtt grunnvatn úr áreyrum Norðfjarðarár sem neysluvatn fyrir íbúa Norðfjarðará. Eftir árið 1980 var gert vatnsból í Kirkjubólseyrum innan við brúna á Norðfjarðará. Vatnsbólið leysti af hendi gamalt vatnsból með yfirborðsvatni sem var í hlíðinni norðan við þéttbýlið á Norðfirði. Árið 2003 var tekið í notkun vatnsból í landi Tandрастаða í Fannardal. Vatnsbólið á Kirkjubólseyrum er nýtt sem varavatnsból eins og áður hefur komið fram.

Varðandi vatnsöflunarmöguleika á Norðfirði er bent á að vatnstökusvæðið í landi Tandрастаða er metið eitt af bestu mögulegu vatnstökusvæðum innan Norðfjarðará (Árni Hjartarson, 2008).

### Umsókn

Sveitarfélagið Fjarðabyggð kt. 470698-2099, fyrir hönd Vatnsveitu Fjarðabyggðar sækir hér með um leyfi til nýtingar á köldu vatni úr borholum úr landi Tandрастаða í Fannardal í Norðfirði. Svæðið sem sótt er um nýtingu á er sýnt á mynd 9, í fylgiskjali 1.

Innan þess svæðis eru dæltur í 7 borholum í sem mynda aðalvatnsból þéttbýlisins á Norðfirði. Samkvæmt 6. gr. laga nr. 57/1998 er hér með er sótt um leyfi til nýtingar á vatni af framangreindu svæði á allt að 120 l/sek.. Óskað er eftir því að leyfið gildi til ársins 2057, með heimild til framlengingar, eða til samræmis við leigusamning sem Fjarðabyggð hefur gert við landeigendur að jörðinni Tandrastöðum í Norðfirði.

Vatnsveitan er rekin af sveitarfélaginu Fjarðabyggð og nær tryggingarvernd sveitarfélagsins því yfir hugsanlega skaðabótaábyrgð umsækjanda.





### Landeigendur

Vatnsból sem vatnsveita Fjarðabyggðar nýtir á Norðfirði eru í landi Tandrastaða og Kirkjubóls.

**Kirkjuból**, Landeigandi Fjarðabyggð, kt. 470698-2099

**Tandrastaðir**, jörðin er óskipt sameign þar sem samningur var gerður við landeigendur María Kristín Siggeirsdóttir á ¼ hlut kt. 090842-4049, nú Ingimar Jóhannsson kt. 030547-4979.

Ungmennafélagið Egill rauði á ¼ hlut kt. 670387-2409

### Nýting á landi

Sveitarfélagið Fjarðabyggð hefur frá árinu 2008 haft leigusamning við landeigendur Tandrastaða um landspíldu og afmörkun grannsvæðis, svo og nýtingarrétt á köldu vatni úr jörðinni Tandrastöðum.

Samkvæmt leigusamningnum er Fjarðabyggð heimilt að bora allt að 11 holur til vatnsöflunar á svæði sem liggur neðan við Tandrastaðatúnið og norðan Norðfjarðarár. Eins nær samningurinn yfir heimild til að nýta allt að 120 ltr./sek. af köldu vatni úr borholum. En eins og áður hefur komið fram er meðalrennslið á ári um 35 ltr./sek..

Samkvæmt leigusamningnum leigir Fjarðabyggð 4 ha land undir 32.5 m<sup>2</sup> töfluhús með leyfi til að byggja allt að 1.500 m<sup>3</sup> vatnsgeymi fyrir vatnsveituna.

Fjarðabyggð hefur nú þegar lagt aðveituað fyrir kalt vatn, lagt rafinagn, byggt dæluhús og nýtir 7 borholur úr jörðinni Tandrastöðum. Hugsanlegt er að í framtíðinni verði virkjaðar fleiri holur og byggður vatnsgeymir til að tryggja vatnsöflun og rekstur vatnsveitunnar betur.

Það er mat vatnsveitu Fjarðabyggðar út frá reynslu af nýtingu úr vinnsluholum og frá dælingu á könnunarholum á svæðinu í Fannardal að nýting vatnsbólsins í landi Tandrastaða hafi ekki áhrif á vatnstökumöguleika landeiganda í jarðarinnar Fannardalur.

Í samræmi við Starfsleyfi vatnsveitunnar á Norðfirði, sjá fylgiskjal 6. fer Heilbrigðiseftirlit Austurlands með sýnatöku vatnsveitunnar og úttekt á búnaði og verndarsvæði Vatnsveitu Fjarðabyggðar.

### Skipulag

Í aðalskipulagi Fjarðabyggðar 2007-2027 eru skilgreind vatnsverndarsvæði fyrir Norðfjörð. Brunn-, grann og fjarsvæði vatnsveitunnar á Norðfirði eru auðkennd á sveitarfélagsupprætti aðalskipulagsins, þar er einnig auðkennd lega stofulagnar vatnsveitunnar.

Eins og fram kemur í fylgiskjali 1 var brunnsvæðið fyrir vatnsbólið við Tandrastaði skilgreint rúmt, því horft var til þess að geta fjölgað nýtingarholum innar í Fannardal.

Í ljósi reynslu af nýtingu vatns úr borholum í landi Tandrastaða er bæjarstjórn Fjarðabyggðar að láta vinna tillögu að breytingu á aðalskipulagi Fjarðabyggðar sem miðar að því að minnka brunn- og grannsvæði vatnsverndarsvæðisins í Fannardal. Breytingartillagan á aðalskipulaginu er í samræmi við mynd 9 í fylgiskjali 1, greinagerð Stapa jarðfræðistofu.

Breytingin snýr að því að minnkaðar verða kvaðir sem skilgreindar eru í núverandi aðalskipulagi á jörðinni Fannardal í Norðfirði. Með breytingunni munu sumarhúsaloðir sem

7EB



Við er til 15. gr. laga 57/1998 um forgang sveitarfélagsins til nýtingar grunnvatns. Þó umsókn hafi ekki verið lögð inn í upphafi þá telur sveitarfélagið sig hafa að öðru leyti farið að lögum nr. 57/1998, sbr. t.d. ákvæði 7. gr. Þannig var gengið frá samkomulagi við landeigendur um endurgjald á grundvelli gerðardóms. Rétt er að taka fram að á rannsóknar- og byggingartíma vatnsveitunnar var ekki nokkur vafi talinn leika á því að eingöngu væri um að ræða nýtingu auðlinda í landi Tandрастаða. Eigandi Fannardals, þar sem boraðar voru nokkrar tilraunaholur, vann nokkuð með rannsóknaraðila og kom beinlínis að framkvæmdum sem undirverktaki. Þar sem holur í landi hans gáfu ekki nægjanlegt vatn, varð ekkert úr nýtingu þeirra. Á þeim tíma var því enginn ágreiningur um hver teldist landeigandi að hinu nýttu landi, né var ágreiningur þá uppi um landamerki. Þá sýna meðfylgjandi gögn glögg, að í ljósi reynslunnar er unnt að minnka verulega brunnsvæði á aðalskipulagi, sem aftur leiðir af sér að enn fjarlægara er að líta svo á að aðrir en eigendur Tandрастаða eigi þá auðlind sem nýtt er.

### Málsmeðferð

Hér með er þess óskað að öll fylgiskjöl bréf þessa eða aðrar upplýsingar frá Vatnsveitu Fjarðabyggðar verði ekki sendar áfram til þriðja aðila.

### Borholur

Á Kirkjubólseyrum er safnbrunnur frá því um árið 1980 og frá þeim tíma og fram til ársins 2003 var vatnsbólið á Kirkjubólseyrum aðalvatnsból fyrir Norðfjörð.

Árið 2002 voru boraðar sex nýtingarholur í áreyrar Fannardalsár innan við Naumamel í landi Tandрастаða. Sjá meðfylgjandi greinagerð Stapa jarðfræðistofu.

Til að auka neysluvatn fyrir Norðfjörð var ráðist í borun og dælingu í landi Tandрастаða. Í dag eru 7 holur við vatnsbólið í Tandрастаðalandi nýttar til neysluvatnsöflunar fyrir Norðfjörð, í töflu 1 eru nöfn þeirra og staðsetningar sýndar í Ísnet93. Á mynd 9 í greinagerð Stapa sem er fylgiskjal með bréfi þessu er staðsetning borholanna sýnd á loftmynd.

Orkustofnun óskaði upplýsinga um borholur sem boraðar voru í tengslum við rannsóknir og vinnslu á grunnvatni í Fannardal. Þær upplýsingar er að finna í fylgiskjali 1.

Meðalrennsli frá vatnsbólínu á Tandrastöðum er um 35 ltr/s, en á álagstímum er dælt um 60 l/s. Meðalrennsli frá varavatnsbólínu á Kirkjubólseyrum er um 30 ltr/s.

**Tafla 1** Borholurnar sjö í Fannardal sem nýttar eru fyrir neysluvatn á Norðfirði. Staðsetning er fengin úr greinagerð Stapa jarðfræðistofu, sjá fylgiskjal 1.

Nafn	norður	austur
NSK-17	523906,18	738267,69
NSK-19	523933,04	738075,75
NSK-20	523968,98	737995,37
NSK-21	523819,69	738428,06
NSK-22	523882,70	738376,00
NSK-26	523904,89	738326,77
NSK-29	523936,37	738101,12

7613



eru í Fannardal vera utan við grannsvæði vatnsbólsins og brunnsvæðið mun færast af landi Fannardals og afmarkast við núverandi Fannardalsá.

### Starfsleyfi

Vatnsveita Fjarðabyggðar er með gilt starfsleyfi til 15. okt. árið 2023, sjá fylgiskjal 6.

Hér að framan hefur verið leitast við að draga fram þau atriði sem skulu vera í umsókn um rannsóknar- og nýtingarleyfi sbr. VIII. kafla laga 57/1998.

### **Heimildir:**

Árni Hjartarson, 2008: Norðfjarðargöng. Veglínur og vatnsból.(ÍSOR-2008/004. Unnið fyrir vegagerðina)

### **Fylgiskjöl:**

1. Greinargerð, Stapi Jarðfræðistofa, Vatnsból við Tandрастаði, endurskoðun á vatnsverndarsvæði. Ómar Bjarki Smárason 18.10 2011.
2. Greinargerð, ÓBS/98-06. Stapi Jarðfræðistofa, Vatnsvernd í Neskaupstað, Drög að tillögum um verndun vatnsbóla. Ómar Bjarki Smárason 3.2 1998
3. Greinargerð, ÓBS/08-05. Stapi Jarðfræðistofa, Vatnsveita Norðfjarðar, Borun vatnshola 2002 og 2004. Ómar Bjarki Smárason 5.mars 2008.
4. Starfsleyfi fyrir vatnsveitu á Norðfirði, Heilbrigðisnefnd Austurlands útg. 24.október 2002.
5. Starfsleyfi fyrir vatnsveitu á Norðfirði, Heilbrigðisnefnd Austurlands útg. 16. maí 2006.
6. Starfsleyfi fyrir vatnsveitu á Norðfirði, Heilbrigðisnefnd Austurlands útg. 15. október 2011.

  
Jóhann Eóvald Benediktsson



Fjarðabyggð  
Hafnargötu 2  
730 REYÐARFIRÐIReykjavík, 5. október 2012  
Tilvísun: 2012030011/50.4.3  
Verknúmer: 1093000**Efni: Fylgibréf með leyfi til nýtingar á köldu grunnvatni úr í landi Tandрастаða í Fannardal í Norðfirði**

Þann 9. mars 2012 barst Orkustofnun umsókn frá Sveitarfélaginu Fjarðabyggð, kt. 470698-2099, dags. 5. mars 2012, þar sem á grundvelli 6. gr. laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu nr. 57/1998 var sótt um leyfi til nýtingar á köldu grunnvatni úr í landi Tandрастаða í Fannardal í Norðfirði, allt að 120 L/s til almenningsvatnsveitu. Þess var óskað að leyfið gildi til ársins 2057, með heimild til framlengingar, eða til samræmis við leigusamning sem Fjarðarbyggð hefur gert við landeigendur að jörðinni Tandрастаðir í Norðfirði.

Með bréfi Orkustofnunar til Fjarðabyggðar dags. 7. febrúar 2012 beindi Orkustofnun því til sveitarfélagsins að það sækti um nýtingarleyfi til Orkustofnunar vegna vinnslu grunnvatns úr borholu(m) í landi jarðarinnar Tandрастаða í Fannardal fyrir vatnsveitu á Norðfirði og styddi umsóknina viðeigandi gögnum, með vísan til ákvæða laga nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu (hér eftir auðlindalögum) og leiðbeininga á vef Orkustofnunar. Tekið var fram í bréfinu að staða fyrri nýtingarleyfa væri til sérstakrar athugunar hjá stofnuninni í framhaldi af nýlegum breytingum á lögum, þar sem leyfisveitingarvald og eftirlit, m.a. skv. auðlindalögum, var fært að fullu til Orkustofnunar frá og með síðustu áramótum, en Orkustofnun hefði haft umsjón með útgáfu nýtingarleyfa á grunnvatni frá júní 2008. Auk þess var vakin athygli Orkustofnunar á því að Fjarðabyggð nýtti grunnvatn til vatnsveitu á Norðfirði án tilskilins nýtingarleyfis, sbr. 6. gr. auðlindalaga, með bréfi LEX lögmannsstofu dags. 31. janúar 2012, f.h. Guðröðar Hákonarsonar, eiganda jarðarinnar Fannardals í Norðfirði.

Umsókn Fjarðabyggðar fylgdu eftirfarandi skjöl (svart/hvít ljósrit):

1. Vatnsból við Tandрастаði. Endurskoðun á vatnsverndarsvæði. Stapi Jarðfræðistofa, 18. október 2011.
2. Vatnsvernd í Neskaupstað. Drög að tillögum um verndun vatnsbóla. Stapi Jarðfræðistofa, 3. febrúar 1998.
3. Vatnsveita Norðfjarðar. Borun vatnshola 2002 og 2004. Stapi Jarðfræðistofa, 5. mars 2008.
4. Starfsleyfi fyrir Fjarðabyggð dags. 24. október 2002, 16. maí 2006 og 15. október 2011.

Þann 15. mars 2012 bárust eftirfarandi viðbótargögn með umsókninni frá Fjarðabyggð að ósk Orkustofnunar (í litum þar sem við átti):

1. Greinargerð, Stapi Jarðfræðistofa, Vatnsból við Tandрастаði, endurskoðun á vatnsverndarsvæði. Ómar Bjarki Smárason 18. október 2011.
2. Greinargerð, ÓBS/98-06, Stapi Jarðfræðistofa, Vatnsvernd í Neskaupstað, Drög að tillögum um verndun vatnsbóla. Ómar Bjarki Smárason 03. febrúar 1998
3. Greinargerð, ÓBS/08-05, Stapi Jarðfræðistofa, Vatnsveita Norðfjarðar, Borun vatnshola 2002 og 2004. Ómar Bjarki Smárason 5. mars 2008.

Einnig fylgjandi afrit af samningum við landeigendur Tandрастаða:

1. Samningur við María Kristínu Siggeirsdóttir sem eiganda á  $\frac{3}{4}$  hlut kt. 090842-4049, nú Ingimar Jóhannsson kt. 030547-4979.

2. Samningur við Ungmennafélagið Egill rauða sem eiganda á ¼ hlut kt. 670387-2409.

Við meðferð málsins kom fram að umrætt nýtingarsvæði fellur saman við brunnsvæði vatnsverndar við Tandrastaði, samkvæmt breytingum þeim á aðalskipulagi Fjarðabyggðar 2007-2027, sem samþykkar voru í bæjarstjórn Fjarðabyggðar þann 11. maí 2012 og staðfestar af Skipulagsstofnun þann 26. júlí 2012.

Með vísan til 4. mgr. 5. gr. auðlindalaga, sem og með vísan til 13. og 14. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, óskaði Orkustofnun umsagnar umhverfisráðuneytisins um fram komna umsókn. Jafnframt var vakin athygli á því í bréfi til umsagnaraðila, að samkvæmt 23. gr. laga nr. 57/1998 eru gögn sem afhent eru samkvæmt lögunum bundin trúnaði og var umsagnaraðili beðinn um að virða þann trúnað. Ekki var leitað umsaga jarðeigenda Tandrastaða, þar sem samkomulag um endurgjald fyrir auðlindina, sbr. 1. mgr. 7. gr. auðlindalaga, lá fyrir í sérstökum leigusamningum við þá.

Að ósk LEX lögmennsstofu, dags. 28. júní f.h. Guðröðar Hákonarsonar, eiganda jarðarinnar Fannardals í Norðfirði, með vísan til 13. og 14. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, vegna legu þeirrar jarðar að umræddu nýtingarsvæði, og með vísan til meginreglu stjórnsýslulaga um að sá teljist aðili máls er hafi einstaklegra og verulegra hagsmuna að gæta af úrlausn málsins, var eiganda jarðarinnar Fannardals veittur kostur á að sýna fram á þá hagsmuni sem hann hafi að gæta í máli Sveitarfélagsins Fjarðarbyggðar um nýtingarleyfi á grunnvatni í landi Tandrastaða, sbr. bréf Orkustofnunar dags. 28. og 29. júní sl.

Með bréfi LEX lögmennsstofa ehf. dags. 30. júlí sl., umsögn vegna umsóknar Fjarðarbyggðar, kemur fram að Hrefna Kristmannsdóttir, jarðefnafræðingur og fyrrverandi prófessor, ynni að frekari rannsóknum á gögnum málsins og stefndi að því að skila greinargerð þar að lútandi fyrir 1. september s.á. Orkustofnun féllst á þau sjónarmið, sbr. bréf stofnunarinnar dags 31. júlí sl., með vísan til rannsóknarskyldu 10. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993, að stofnunin gæfi ekki út nýtingarleyfi til handa Fjarðabyggð á grunnvatni í landi Tandrastaða fyrir vatnsveitu í Norðfirði fyrr en frekari gögn lægju fyrir innan eðlilegra tímamarka, m.a. væntanleg greinargerð Hrefnu Kristmundsdóttur, sem gætu, eftir atvikum, haft áhrif á ákvörðun Orkustofnunar. Tekið var fram í bréfinu að Orkustofnun myndi ekki láta það standa í vegi fyrir að málið hlyti rétta stjórnsýslulega meðhöndlun, og var LEX lögmennsstofu gefin frestur til 7. september sl. til skila frekari umsögn og nýjum gögnum í málinu.

Umsögn umhverfisráðuneytis dags. 30. apríl 2012 barst Orkustofnun þann 3. maí sl. Í umsögninni kemur fram að ráðuneytið hafi óskað umsagna bæði Umhverfisstofnunar sem og Náttúrustofnunar Íslands. Í umsögn Umhverfisstofnunar kom fram að mjög takmarkaðir möguleikar séu á að draga úr umhverfisáhrifum þar sem umrædd framkvæmd hafi starfsleyfi til 15. október 2023. Jafnframt segir í bréfi stofnunarinnar að umrædd vatnstaka sé ekki ágeng á auðlindina með óafturkræfum hætti. Í umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands kemur m.a. fram ábending þess efnis að umrætt svæði sé í á náttúruminjasrá og jafnframt að slík svæði geti vel farið saman með vatnsveitu þar sem vatnsveita þarfnist vermdarsvæðis, sem í þessu tilviki sé í jaðri svæðis nr. 609 á náttúruminjasrá.

Umhverfisráðuneyti tekur undir fyrrgreindar athugasemdir en hefur ekki frekari athugasemdir við veitingu leyfisins.

Umsögn lögmennsstofunnar LEC, fyrir hönd landeigenda jarðarinnar Fannardals í Norðfirði, barst Orkustofnun þann 7. september sl., dags. sama dag, ásamt greinargerð Hrefnu Kristmannsdóttur, *Greinargerð II, um grunnvatnskerfi nýtt af vatnsveitu Norðfjarðar*, dags. 27. ágúst sl.,

Orkustofnun hefur farið yfir þær umsagnir sem stofnuninni bárust sem og gögn þeim tengd og fram komu í umsókn Sveitarfélagsins Fjarðabyggðar.

Orkustofnun bendir á ákvæði 7. gr. auðlindalaga, en þar er skýrt kveðið á um, að samningar skuli nást

við landeigendur um endurgjald fyrir auðlind eða aflað sé heimildar til eignarnáms, áður en vinnsla í eignarlandi hefjist. Til þess að ná samningum hafi leyfishafi 60 daga áður en leyfi fellur úr gildi. Orkustofnun hefur ekki heimild til að gera undanþágu frá þessu ákvæði laganna né heldur að setja frekari skilyrði en kveðið er á um í lögum. Fyrir liggja leigusamningar sem Sveitarfélagið Fjarðarbyggð hefur gert við landeigendur að jörðinni Tandрастаðir í Norðfirði.

Hvað varðar athugasemd Lögmansstofunnar LEX, þess efnis að Sveitarfélagið Fjarðarbyggð þurfi eftir atvikum að semja við landeigendur um endurgjald fyrir auðlind eða fá heimild til eignarnáms, áður en vinnsla í eignarlandi, þ.e. í landi Fannardals, hefjist, vill Orkustofnun taka eftirfarandi fram:


Möguleikar landeiganda til að nýta þá auðlind er fylgja landareign hans þurfa að skerðast til að hægt sé að krefjast endurgjalds fyrir þá hluta auðlindarinnar sem teljist þannig hluti af hans eignarréttindum. Þannig myndi það horfa við ef nýting landeiganda á grunnvatni í landi sínu yrði til þess að sú auðlind sem fylgdi landi nærliggjandi fasteignar myndi skerðast og þannig möguleikar landeigandans til nýtingar hennar. Orkustofnun telur þó einsýnt, af skýrslum fagaðila, að svo sé ekki í máli jarðeiganda Fannardals, einnig þótt flest rök, að mati Hrefnu Kristmannsdóttur, hnígi til þess að meginhluti vatnsins á brunnsvæði vatnsveitunnar sé upprunnið í landi Fannardals, þar sem straumur grunnvatnsins sé frá Fannardal yfir að Tandrastöðum. Í þessu sambandi skiptir ekki máli hvaðan vatnið er upp runnið, þar sem leyfisveiting til nýtingar að Tandrastöðum hindar ekki nýtingu grunnvatns í landi Fannardals, sbr. VII. kafli auðlindalaga.

Með vísan til framanritaðs, og í samræmi við III. kafla laga nr. 57/1998, veitir Orkustofnun hér með Sveitarfélaginu Fjarðarbyggð nýtingarleyfi á allt að 120 L/s af grunnvatni úr í landi Tandрастаða í Fannardal í Norðfirði, til almenningsvatnsveitu, sbr. meðfylgjandi leyfi ásamt fylgiskjölum.

Gjald vegna veitingar nýtingarleyfis þessa er kr. 41.500., sbr. 34. tl. 11. gr. laga um aukatekjur ríkissjóðs, nr. 88/1991, með áorðnum breytingum. Nýtingarleyfið er afhent við greiðslu gjaldsins.

Samkvæmt 33. gr. laga nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu sæta ákvarðanir Orkustofnunar, er lúta að veitingu, endurskoðun og afturköllun rannsóknar- eða nýtingarleyfa samkvæmt lögum þessum, kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kærana fer samkvæmt lögum um úrskurðarnefndina. Stjórnvaldsákvarðanir Orkustofnunar sem ekki má kæra til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála sæta kæru til ráðherra. Kæra til ráðherra skal vera skrifleg. Um meðferð kæru til ráðherra fer að öðru leyti samkvæmt ákvæðum stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Virðingarfyllst,

  
Skúli Thoroddsen

  
Kristinn Einarsson

*Fylgiskjöl:*

Nýtingarleyfi ásamt fylgiskjölum